

GJALDSKRÁ

kæruneftndar útlendingamála.

1. gr.

Gjald fyrir endurrit, ljósrít eða afhendingu gagna.

Fyrir endurrit, ljósrít eða afhendingu gagna með rafrænum hætti skal greiða 300 kr. fyrir hverja blaðsíðu, allt að tíu blaðsíðum, en 50 kr. fyrir hverja blaðsíðu umfram tíu.

2. gr.

Endurútgáfa.

Kæruneftnd er heimilt að innheimta allt að 150 kr. fyrir hverja blaðsíðu umfram tíu síður hafi nefndin áður afhent sömu gögn til aðila eða umboðsmanns hans.

3. gr.

Undanþága.

Kæruneftnd er heimilt að lækka eða fella niður gjald fyrir afhendingu gagna ef aðili nýtur ekki aðstoðar umboðsmanns og ljóst er að aðili hefur ekki fjárráð til að greiða fyrir gögnin.

4. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett með stoð í lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/1991.

Dómsmálaráðuneytinu, 12. ágúst 2022.

Jón Gunnarsson.

Bergur Sigurjónsson.

B-deild – Útgáfudagur: 31. ágúst 2022